

Fimmtudaginn 3. desember 1998.

Nr. 125/1998.

Magnús Th. S. Blöndahl ehf.

(Guðjón Ármann Jónsson hrl.)

gegn

JVJ ehf.

(Þorsteinn Einarsson hdl.)

og gagnsök

Verksamningur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 17. mars 1998 og krefst þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 12.735.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 18. júní 1996. Til vara krefst hann greiðslu á 2.387.910 krónum ásamt dráttarvöxtum frá 17. apríl 1997. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu 22. maí 1998 og krefst staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað. Jafnframt krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjandi lagði fyrir Hæstarétt sérskilmála við útboð verka hjá Hafnarfjarðarbæ. Í héraði reisti gagnáfrýjandi hvorki kröfur á skilmálum þessum né vísaði til þeirra. Koma þeir ekki til álita fyrir Hæstarétti gegn andmælum aðaláfrýjanda.

II.

Hafnarstjórn Hafnarfjarðar og gagnáfrýjandi gerðu 14. júní 1996 verksamning um gerð hafnarbakka í Straumsvík. Útboðs- og verklýsing, sem samin var af verkfræðistofunni Hönnun hf., taldist hluti af verksamningnum svo og fleiri fylgigögn, meðal annars staðallinn ÍST 30, 3. útgáfa 1988. Verkið var í meginatriðum fólgið í því

að dýpka höfnina, reka niður stálþil, steypa og ganga frá kanti, fylla og jafna að þili, leggja lagnir fyrir frárennsli, vatn og rafmagn og loks að smíða þjónustuhús og koma upp lýsingu. Verkkaupi skyldi greiða gagnáfrýjanda 148.982.103 krónur fyrir allt verkið. Í samningnum segir, að verktaka sé heimilt að hefja framkvæmdir strax og að lokaskiladagur verksins sé 15. nóvember 1996. Einnig segir þar, að verktaki skuli ljúka verkinu þannig, að nota megí hafnarbakkann til upp- og útskipunar 15. október 1996, og var kveðið á um févítí, ef dráttur yrði á verkinu fram yfir nefnda daga.

Undanfari verksamningsins var lokað útboð, sem fór fram vorið 1996. Tilboð komu frá fjórum aðilum, sem verkkaupi hafði áður valið. Í fundargerð hafnarstjórnar Hafnarfjarðar 22. maí 1996 var bók- að um fjárhæðir tilboða og að samþykkt hefði verið að „ganga til samninga við lægstbjóðanda“, sem var gagnáfrýjandi. Verkfræðistofan Hönnun hf. krafði gagnáfrýjanda um margvíslegar upplýsingar, sem tengdust getu hans og undirverktaka til að vinna umrætt verk. Í framhaldi ritaði Hallgrímur Hallgrímsson, verkfræðingur hjá Hönnun hf., 5. júní 1996 umsögn þá um tilboð, sem að nokkru er lýst í héraðsdómi. Þann dag var haldinn fundur í hafnarstjórn og tekið fyrir sem fyrsti dagskrárliður val á verktaka við Straumsvík- höfn. Um hann var einungis bókað, að samþykkt væri „að ganga til samninga við JVJ“. Óumdeilt er, að endanlegur verksamningur milli gagnáfrýjanda og hafnarstjórnar komst ekki á fyrr en 14. júní sama árs.

III.

Gagnáfrýjandi hugðist efna samninginn 14. júní 1996 meðal annars með því að nýta þjónustu undirverktaka. Hafði honum, áður en samningurinn var gerður, borist svohljóðandi tilboð frá aðaláfrýjanda, sem dagsett er 17. maí 1996: „Hér með gerir Magnús Th. S. Blöndahl ehf. eftirfarandi tilboð í framkvæmdir við: Hafnarbakki Straumsvík Dýpkun A og A+B samkvæmt meðfylgjandi tilboðs- skrá. Tilboð: Dýpkun A Kr. 80.942.037 Tilboð: Dýpkun A+B Kr. 112.368.537.“ Heldur aðaláfrýjandi því fram, að samningur hafi stofnast með málsaðilum um, að hann yrði undirverktaki stefnda og ynni þann hluta verksins, sem nefndist „Dýpkun A“, gegn greiðslu verklauna, að fjárhæð 80.942.037 krónur.

IV.

Ekki er leitt í ljós, að gagnáfrýjandi hafi samþykkt tilboð þetta. Sýna málsskjöl og skýrslur fyrir héraðsdómi, að eftir að tilboðið barst gagnáfrýjanda, krafði hann aðaláfrýjanda um allýtarlegar upplýsingar um fjárhagslega getu hans, verkreynslu, tækjakost, mannafla og verktryggingu frá váttryggingafélagi. Heldur gagnáfrýjandi því fram, að aðaláfrýjandi hafi ekki getað sýnt fram á, að hann hefði bolmagn til að efna tilboðið. Hafi gagnáfrýjandi því orðið að semja við undirverktakann Hagtak hf. sunnudaginn 16. júní 1996, þar eð nauðsynlegt hefði verið að byrja verkið án tafar, eftir að verksamningurinn var undirritaður 14. júní.

Áður en það var, héldu fulltrúar aðila málsins tvo fundi, 11. og 13. sama mánaðar. Eiginlegar fundargerðir um þá voru ekki ritaðar. Hins vegar lagði aðaláfrýjandi fram minnisatriði um þessa fundi, rituð af ráðgjafa hans 20. sama mánaðar. Samkvæmt þeim lagði aðaláfrýjandi fram á fyrri fundinum verklýsingu, verkáætlun, tækjalista og skrá yfir stjórnendur. Óskaði gagnáfrýjandi þá eftir frekari gögnum. Á fundinum 13. júní afhenti aðaláfrýjandi nýja verkáætlun og gerði meðal annars grein fyrir, að óvíst væri, að hann gæti tekið á leigu tiltekna gröfu til verksins. Fyrir liggur bréf 14. júní 1996 frá verktaka í Njarðvík þess efnis, að hann væri reiðubúinn til að leigja beltagröfu til hafnarframkvæmda í Straumsvík að áskilinni bankaábyrgð til tryggingar leigugreiðslu. Gagnáfrýjandi bendir á, að gögn þessi og upplýsingar í málinu um bága fjárhagsstöðu aðaláfrýjanda styðji staðhæfingar sínar um vangetu aðaláfrýjanda til stórframkvæmda sem þessara.

Á fundi málsaðila 18. júní tilkynnti gagnáfrýjandi, að hann væri hættur við að semja við aðaláfrýjanda og hefði þegar samið við annan undirverktaka. Mótmælti aðaláfrýjandi þessum gerðum gagnáfrýjanda strax á fundinum. Heldur aðaláfrýjandi fram, að á þeim tíma hafi hann að öllu leyti verið fær um að efna tilboð sitt.

V.

Svo sem greinir í héraðsdómi, eru nánar tiltekin einingarverð í tilboði gagnáfrýjanda til hafnarstjórnar Hafnarfjarðar 24,5% hærri en einingarverð í tilboði aðaláfrýjanda 17. maí 1996. Staðfesti framkvæmdastjóri gagnáfrýjanda fyrir dómi, að hann hefði tekið mið af

tölum úr tilboði aðaláfrýjanda í hluta af tilboði sínu til hafnarstjórnar. Aðaláfrýjandi styður staðhæfingu sína um, að samningur hafi stofnast með málsaðilum um, að hann yrði undirverktaki gagnáfrýjanda, einkum við grein 34.8.0 í staðlinum ÍST 30. Er meginefni hennar rakið orðrétt í héraðsdómi.

Með vísun til forsendna héraðsdóms má fallast á niðurstöðu hans um, að samningur hafi ekki stofnast á grundvelli tilboðsins 17. maí 1996. Verður ákvæði héraðsdóms um sýknu því staðfest. Einnig þykir mega fallast á niðurstöðu dómsins um málskostnað.

Aðaláfrýjandi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

Það athugast, að í héraðsdómi er tekinn upp orðrétt innan tilvitnunarmerkja meginhluti stefnu og verulegur hluti greinargerðar stefnda í héraði. Skortir mjög á, að með þessu hafi verið gætt ákvæða d- og e-liðar 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Magnús Th. S. Blöndahl ehf., greiði gagnáfrýjanda, JVJ ehf., 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 19. desember 1997.

Stefnandi máls þessa er Magnús Th. S. Blöndahl ehf., kt. 450269-4929, Vonarstræti 4 b, Reykjavík. Stefnnt er JVJ ehf., kt. 541281-0459, Drangahrauni 10-12, Hafnarfirði. Málið var höfðað með birtingu stefnu 17. apríl 1997. Það var þingfest 22. apríl og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 21. nóvember sl.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 12.735.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. 6. 1996 til greiðsludags, til vara, að stefnda verði gert að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 2.387.910 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Stefnandi krefst málskostnaðar að mati dómsins með hliðsjón af þeirri kröfu, sem tekin verður til greina. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi.

Um málavexti og önnur atvik segir í stefnu:

„Stefndi var eitt af fjórum fyrirtækjum, sem hafnarstjórn Hafnarfjarðarbæjar gaf kost á að bjóða í verkið Hafnarbakki í Straumsvík, en útboðs- og verklysing á því verki lá fyrir í apríl 1996. Að samkomulagi varð með stefnda og stefnanda, að stefndi gerðist undirverktaki við framkvæmdirnar, og leitaði stefndi eftir tilboði frá stefnanda til að leggja fram sem hluta af heildartilboði í verkið.

Stefnandi lagði vinnu í útreikninga og tilboðsgerð og gekk frá tilboði í mikinn þátt verksins, og nam tilboðsfjárhæð 80.942.037 krónum.

Stefndi notaði þetta tilboð og fjárhæðir úr tilboði stefnanda við sitt heildartilboð í verkið sem aðalverktaki. Tilboðsfjárhæð stefnda í útboðinu var í heildina 148.982.103 kr. Við opnun tilboða á fundi hafnarstjórnar 22. 5. 1996 kom í ljós, að stefndi var lægstbjóðandi í verkið, og var ákveðið að ganga til samninga við hann. 29. 5. 1996 óskaði stefndi eftir ýmsum upplýsingum frá stefnanda til að láta eftirlitsaðila með verkinu, Hönnun hf., í té. Stefnandi svaraði og sendi gögnin þegar daginn eftir, þ. á m. staðfesting- ar viðskiptabanka og tryggingafélags vegna verkábyrgðar.

11. júní var síðan haldinn fundur með aðilum á skrifstofu JVJ. Skv. minnispunktum frá þeim fundi var farið yfir framkvæmdina og samskipti á framkvæmdatíma. Jafnframt var rætt um að leggja fram nýja verkáætlun undirverktakans, stefnanda. Sama dag gaf stefndi út bréf (letter of intent) til staðfestingar því, að verksamningur yrði gerður með stefnanda og stefnda vegna verksins, að því tilskildu, að ábyrgð fengist hjá Sjóvá-Almennum.

13. júní var aftur haldinn fundur. Var þar ný verkáætlun lögð fram og rætt um leigu tækja o. fl.

14. júní undirritaði stefndi, JVJ, samning við hafnarstjórn, sem studdur var útboðsgögnum og tilboði stefnda, sem sýndi tilboðsfjárhæðir stefnanda og tilgreiningu hans sem undirverktaka.

18. júní var haldinn fundur með stefnda og stefnanda. Þar lýsti stefndi yfir, að fyrirtækið væri hætt við að semja við stefnanda og hefði þegar samið við aðra um að taka að sér undirverktöku. Voru ýmsar ástæður færðar á fundinum fyrir uppsögninni skv. minnispunktum frá stefnanda, en engin af þeim ástæðum, sem þar voru nefndar, stóðst að neinu leyti, og aldrei hafði verið minnst á það áður, að ekki yrði af samningum.

Lögmaður stefnanda ritaði nú stefnda bréf, og var það birt forsvarsmanni stefnda 21. júní 1996. Ekkert svar barst við bréfinu. Um sumarið birtust síðan fréttir í fjölmiðlum um, að verkið væri hafið.

16. september 1996 ritaði lögmaður stefnanda stefnda kröfubréf, sem sent var í ábyrgðarpósti og barst stefnda 17. september. Þar var gerð skaðabótakrafa fyrir hönd stefnanda, sem miðaðist við framlegðaráætlun stefnanda af verkinu auk vsk.

Lögmaður stefnda svaraði með bréfi 26. september 1996 og hafnaði eindregið kröfum stefnanda, en vísaði jafnframt til svipaðra rangfærslna og fram komu á fundi aðila 18. júní um tækjaskort, verkábyrgð o. fl. Eins og fram kemur í bréfi Sjóvár-Almennra frá 27. september, voru viðræður um frágang verktryggingar á lokastigi, en áður en gengið var frá þeim málum, var tryggingafélaginu tilkynnt um riftun samnings og því aldrei gengið frá því máli.

Stefnandi á því ekki annarra kosta völ en höfða mál þetta til heimtu skaðabóta vegna þess tjóns, sem stefndi hefur valdið honum.“

Um málsástæður stefnanda segir svo í stefnu:

„Stefnandi byggir á því, að stefndi hafi á saknæman og ólögmætan hátt gengið á bak samningi, sem kominn var á milli stefnda sem bjóðanda og stefnanda sem undirverktaka.

Stefnandi gekk frá tilboði sínu til stefnda á fullnægjandi hátt, og notaði stefndi það síðan sem hluta af sínu tilboði í verkið. Við samþykki verkkaupa, hafnarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar, á tilboði stefnda, komst á samningur með stefnda og stefnanda, þess efnis, sem tilboð undirverktaka var. Þetta styðst meðal annars við útboðsgögn, en skv. útboðsskilmálum giltu ákvæði ÍST-30 um verkið, og var staðallinn hluti af útboðsgögnum. Í grein 34.8.0 staðalsins er ákvæði um, að noti bjóðandi tilboðsfjárhæð frá undirverktaka sem hluta tilboðs síns til verkkaupa, teljist verksamningur kominn á milli bjóðanda (stefnda) og undirverktaka (stefnanda), þess efnis, sem í tilboði undirverktaka greinir. Einu skilyrði þessa eru, að tilboði bjóðanda sé tekið og verkkaupi samþykki undirverktakann. Samkvæmt fundargerðum og gögnum frá hafnarstjórn er ljóst, að tilboði stefnda var tekið, og engar athugasemdir komu fram við undirverktaka, sem var tilgreindur í tilboði stefnda. Því var kominn á bindandi samningur með stefnanda og stefnda, þegar samþykki hafnarstjórnar lá fyrir skv. fundargerð 29. maí 1996.

Stefndi rauf samninginn á fundi 18. júní 1996 með tilkynningu um, að ekki yrði gengið frá endanlegum verksamningi milli aðila um verkið, og tilkynnti þá jafnframt, að hann hefði þegar samið við annan undirverktaka.

Stefndi hefur með háttsemi sinni og samningsbrotum valdið stefnanda alvarlegu tjóni með saknæmri og ólögmætri háttsemi sinni. Það er meginregla samningaréttar, er tekur til verksamninga sem annarra samninga, að samningar skulu standa. Engar riftunarástæður komu til greina í þessu tilviki,

eins og fram lögð gögn í málinu bera með sér, og engar athugasemdir höfðu komið fram af hálfu verkkaupa eða eftirlitsaðila gagnvart undirverktaka.

Aðalkrafa stefnanda um skaðabætur tekur mið af framlegðaráætlun á dskj. 8, sem unnin hafði verið vegna verksins og tilboðsgerðarinnar. Samkvæmt þeirri áætlun yrði framlegð stefnanda af verkinu áætluð 12.735.000 kr. fyrir utan virðisaukaskatt (samtals 15.855.075 með vsk.). Bótakrafa miðast við efndabætur, þar sem fullgildur samningur var kominn á, og ber stefnda því að gera stefnanda eins settan og hann hefði verið efndur, þ. e. greiða áætlaða framlegðarfjárhæð, þar sem stefnandi varð af þessum fjárumum vegna samningsbrots stefnda og tæki hans stóðu ónotuð um langan tíma, þar sem þau höfðu verið bundin í þessu verki og lítil tækifæri til annarra verka. Stefnandi bauð raunar í önnur verk þetta sumar, en fékk ekki og tókst því ekki að takmarka tjón sitt á neinn hátt. Ber stefnda að bæta honum það tjón. Ljóst er, að miðað við heildartilboð í verkið er um hóflega áætlun um framlegð að ræða, um 19,6%, þar sem heildartilboð í verkið (hluta A) nam 80.942.037 krónum. Það skal einnig áréttað, að framlegð af verki er ekki hið sama og beinn hagnaður af því, þar sem framlegðarfjárhæð er ætlað að greiða ýmsan fastan kostnað, sem stefnandi hafði, svo sem vegna eignarhalds síns á pramma, sem nota átti til verksins, og fleiri tækja og búnaðar auk stjórnunarkostnaðar.

Auk framlegðaráætlunarinnar hafði á fyrri stigum verið unnin gróf greiðsluáætlun, sem viðskiptabanki og tryggingafélag stefnanda höfðu fengið eintak af, þar sem gert var ráð fyrir a. m. k. 10 milljón króna framlegð af verkinu.

Upphafstími dráttarvaxta af aðalkröfu miðast við þann dag, sem ólögmæt riftun samningsins fór fram, og er þess krafist, að stefndi bæti stefnanda tjónið með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. ákvörðun dómsins.

Varakrafa stefnanda miðast við, að stefnda verði gert að bæta það tjón, sem stefnandi varð fyrir vegna hinnar ólögmætu riftunar, og gera hann eins settan og tilboðsgerð og samningur hefðu aldrei verið gerð. Auk vinnu og kostnaðar, sem stefnandi lagði í tilboðsgerðina, er ljóst, að vegna samningsins og fyrirhugaðs verks hafði stefnandi engin önnur verk fyrirhugað sumarið og haustið 1996 og varð því fyrir verulegu tjóni við það, að samningi var rift, einkum þar sem dýr tæki stóðu ónotuð og ekki fengust önnur verk fyrir þau með svo skömmum fyrirvara. Ber stefnda að bæta það tjón skv. nánari sundurliðun, sem lögð er fram í máli þessu, verði ekki fallist á aðalkröfu um efndabætur. Í varakröfu er krafist dráttarvaxta frá birtingu stefnu, þar sem krafa reist á þessum forsendum er fyrst sett fram í þessu dómsmáli, þrátt fyrir það að kröfur reistar á forsendum efndabóta hafi verið hafðar uppi allt frá október 1996.“

Um lagarök segir í stefnu, að krafa stefnanda sé studd almennum reglum samningaréttar og meginreglunni um, að samninga beri að efna. Jafnframt er vísað til ákvæða ÍST-30, almennra útboðs- og samningsskilmála um verkfrákvæmdir, sem aðilar hafi gengist undir við tilboðsgerð.

Um skaðabótakröfu vísar stefnandi til hinnar almennu sakarreglu og skilyrða hennar um ólögmæta og saknæma háttsemi, sem valdi bótaskyldu tjóni, svo og til dómafordæmis Hæstaréttar frá 1980, bls. 1008. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við ákvæði laga nr. 25/1987, einkum 7. gr., 1. mgr. 10. gr. og 15. gr. þeirra laga. Kröfu um málskostnað styður hann við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Um málsástæður og önnur atvik segir í greinargerð stefnda:

„Það er rangt, sem haldið er fram í stefnu, að verksamningur hafi verið gerður við stefnanda skv. tilboði því, sem hann hafði gert stefnda. Stefndi gerði ekki samning við stefnanda sem undirverktaka, og komst ekki á samningur milli aðila skv. ÍST-30, grein 34.8.0, eins og stefnandi heldur fram. Þá er það ekki rétt, sem greinir í stefnu, að stefndi hafi notað tilboðsfjárhæð stefnanda sem hluta af tilboði sínu til hafnarstjórnar, og vísar stefndi í því sambandi til dómskjals nr. 27, sem er það tilboð, er hann gerði hafnarstjórn um verkið, og dskj. nr. 28, sem er sundurliðun stefnanda á tilboði til stefnda. Þegar stefndi bauð í verkið, tók hann hins vegar mið af tilboði stefnanda, enda hafði stefndi í hyggju að semja við stefnanda um framkvæmd hluta verksins skv. tilboði hans. Það kom síðar í ljós, að það voru mistök af hálfu stefnda að treysta tilboði stefnanda, enda reyndist svo, að tilboð stefnanda var markleysa.

Þegar hafnarstjórn Hafnarfjarðar hafði samþykkt tilboð stefnanda í verkið Hafnarbakki í Straumsvík, hóf stefndi viðræður við stefnanda um gerð verksamnings skv. tilboði því, sem stefnandi hafði gert, og óskaði stefndi eftir upplýsingum og gögnum frá stefnanda til stuðnings því, að stefnandi væri fær um að standa við tilboðið. Stefndi svaraði fyrirspurn stefnda með bréfi, dags. 30. maí 1996, og lagði fram gögn, er stefnandi taldi svara spurningum stefnda. Svar stefnanda og gögn, er fylgdu bréfi hans, komu stefnda vægast sagt mjög á óvart, enda sýndu þau, að stefnandi var ófær um að taka að sér það verk, sem hann hafði þó gert tilboð í að vinna. Kom m. a. fram í svari stefnanda, að hann átti ekki vélar og tæki til að vinna verkið, en að hann hefði í hyggju að leita eftir samningum við innlenda eða erlenda aðila um kaup eða leigu á vélum og tækjum. Stefndi lagði hins vegar engin gögn fram, er sýndu, að hann hefði fjárhagslegt bolmagn til að kaupa vélar og tæki til verksins . . .“

Í greinargerðinni er því haldið fram, að á fundum aðila 11. júní og 13. júní 1996 hafi komið í ljós, að stefnandi hafi ekki átt yfir að ráða tækjum til að vinna verkið, svo sem krana, gröfu og pramma. Stefnandi hafi lagt fyrir stefnda bréf Sjóvár-Almennra trygginga hf. þess efnis, að félagið „mun ábyrgjast undirverktaka vegna hafnargerðar fyrir hafnarstjórn Hafnarfjarðar, Magnús Th. S. Blöndahl ehf./ c/o Jökull Ólafsson“. Bréf tryggingafélagsins hafi ekki verið afdráttarlaust um verkábyrgð vegna stefnanda, og af þeim sökum hafi framkvæmdastjóri stefnda haft samband við Ólaf B. Thors, framkvæmdastjóra Sjóvár-Almennra trygginga hf. Hafi Ólafur upplýst stefnda um, að ábyrgð tryggingafélagsins væri bundin ýmsum fyrirvörum, svo sem um uppgjör á skuldum við félagið, að stefnandi legði fram fullnægjandi bakábyrgð vegna verkábyrgðar og afhenti lista yfir tæki, sem hann hygðist nota við verkið. Þá segir og í greinargerðinni, að fyrir hafi legið, að stefnandi skuldaði Íslandsbanka hf. vegna eina prammans, sem hann hafði til umráða, Dags II. Lögmaður bankans hafi haft samband við forsvarsmann stefnda og gert það að skilyrði fyrir því, að bankinn hæfi ekki innheimtuaðgerðir vegna skulda stefnanda, að stefndi greiddi beint til bankans greiðslur, sem greiða bæri stefnanda, ef verksamningur yrði gerður milli stefnda og stefnanda. Þá segir og, að stefnandi hafi skuldað Hafnarfjarðarbæ hafnargjöld vegna Dags II, en pramminn hafi þá verið í Hafnarfjarðarhöfn. Hafi verið sýnt, að stefnandi gæti ekki greitt þá skuld.

„Á þessum tíma var því fullljóst,“ segir í greinargerð stefnda, „að stefnandi gat ekki unnið verk skv. tilboði sínu. Þá var stefnda kunnugt um, að Hönnun hf., verkfræðistofa, sem var ráðgjafi hafnarstjórnar, hafði gert athugasemdir við, að stefndi ætti í viðræðum við stefnanda um framkvæmd hluta verksins, sbr. dskj. nr. 36. Þá lá jafnframt fyrir að mati stefnda, að tilboð stefnanda í gröft og sprengingar á skurði fyrir þil væri óraunhæft og að óhugsanlegt væri, að stefndi gæti unnið það verk fyrir það verð, sem greindi í tilboði hans.“

Síðar segir: „Þá fékk stefndi jafnframt upplýsingar um mjög bága fjárhagsstöðu Jökuls Ólafssonar, forsvarsmanns stefnanda, og jók það ekki á tiltrú stefnda á stefnanda. Stefndi bendir á, að í maí 1996 var gert árangurslaust fjárnám hjá Jökli Ólafssyni, og var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta 7. mars 1997 með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 39. Stefndi tók því ákvörðun um að semja við annan aðila um undirverktöku, enda nauðsynlegt að hefja þegar framkvæmd verksins, m. a. vegna tíðarfars og dagsektaákvæða í verksamningi. Stefndi varð að semja við annan aðila um framkvæmd verksins fyrir mun herra verð en stefnandi hafði lofað skv. tilboði sínu. Stefnda var að sjálfsögðu ekki skylt að bíða með framkvæmd

verksins í þeirri von, að stefnandi gæti útvegað sér rekstrarfé, vélar og tæki til að vinna verkið o. fl. Stefndi hafði oft veitt stefnanda frest til að leggja fram gögn um tækjakost o. fl. í þeirri von, að unnt yrði að semja við stefnanda um framkvæmd verksins. Stefndi telur stefnanda hafa beitt sig svikum og blekkingum og að vegna þeirrar háttsemi forsvarsmanna stefnanda hefur [svo] stefndi orðið fyrir miklu fjárhagstjóni og áskilur sér rétt til að höfða síðar mál á hendur stefnanda til greiðslu skaðabóta vegna alls þess tjóns, sem stefnandi hefur valdið honum.

16. júní 1996 samdi stefndi við Hagtak hf. um að vinna hluta þess verks, sem stefnandi hafði áður gert tilboð um að vinna, og nemur tjón stefnda og skaðabótakrafa á hendur stefnanda mismun fjárhæðar tilboðs stefnanda og fjárhæðar samnings stefnda við Hagtak hf.

11. júní 1996 birti framkvæmdastjóri stefnda yfirlýsingu þess efnis, að stefndi myndi gera verksamning við stefnanda sem undirvertaka við verkið, „svo framarlega sem ábyrgð vegna þeirra hluta komi frá Sjóvá-Almennum“, sbr. dskj. nr. 16. Yfirlýsing þessi var gefin út að beiðni Jökuls Ólafssonar, forsvarsmanns stefnanda, og staðfestir hún, að verksamningur hafði ekki komist á með aðilum og að stefndi hafði í hyggju að gera samning við stefnanda. Enda þótt í yfirlýsingu stefnda sé aðeins getið um það skilyrði, að verkábyrgð komi frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., var það að sjálf-sögðu forsenda af hálfu stefnda, að eitthvað væri að marka tilboð stefnanda. Forsvarsmaður stefnanda blekkti hins vegar framkvæmdastjóra stefnda og fullyrti gegn betri vitund, að stefnandi hefði yfir að ráða þeim tækjum og vélum, sem fram koma í tækjalista, dags. 11. júní 1996.“

Málsástæðum stefnda er svo lýst í greinargerð hans:

„Stefndi vísar í fyrsta lagi til þess, að enginn samningur hafi verið gerður við stefnanda, og sé það því rangt, að stefndi „hafi á saknæman og ólög-mætan hátt gengið á bak samningi, sem kominn var á með stefnda sem bjóðanda og stefnanda sem undirvertaka“. Þá er því mótmælt sem röngu, að stefndi hafi sýnt af sér saknæma og ólög-mæta háttsemi, og telur stefndi þvert á móti, að stefnandi hafi beitt sig blekkingum og á sviksamlegan hátt valdið sér miklu fjárhagstjóni. Stefndi skuldbatt sig ekki til að gera samning við stefnanda, heldur lýsti aðeins yfir vilja sínum til að semja við hann, svo fremi að stefnandi sýndi fram á, að hann gæti staðið við tilboð sitt. En það er staðreynd, að stefnandi hafði enga burði til að standa við tilboð sitt, fjárhagur hans í molum, og hann hafði engin tæki til verksins, ekki tilskilda verkábyrgð o. fl. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi fullnægt þeim skilyrðum, sem Sjóvá-Almennar tryggingar hf. höfðu sett honum, og hann leyndi stefnda því, að verkábyrgð væri bundin þeim skilyrðum. Þá var

mikil óvissa um, hvort stefnandi hefði yfirráð prammans Dags II, og hann hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi haft fjárhagslega getu til að taka á leigu eða kaupa tæki til að vinna verkið, en honum hafi staðið tæki til boða.

Þá heldur stefndi því fram, ef talið yrði, að samningur hefði komist á með stefnda og stefnanda, að stefnda hefði verið rétt að rifta þeim samningi vegna verulegra vanefnda stefnanda og sú riftun í raun orðið á fundi aðila 18. júní 1996. Jafnframt er stefndi á því, ef talið yrði, að samningur hefði komist á með aðilum, að stefnandi hefði beitt sig blekkingum og haft svik í frammi, og hefði sér því verið heimilt að rifta þeim ætlaða samningi. Þá telur stefndi jafnframt, ef talið yrði, að samningur hefði komist á með aðilum, að forsendur þess samnings hefðu brostið, og því hefði honum verið heimilt að rifta þeim meinta samningi. Um vanefndir og svik stefnanda gagnvart stefnda vísar stefnandi [Svo í grg., ætti að vera stefndi. – Aths. dómara] til þess, sem áður greinir um fjárhag stefnanda, blekkingar og vanefndir. Þá var það að sjálfsögðu forsenda af hálfu stefnda fyrir ætluðum samningi við stefnanda, að eitthvað væri að marka tilboð stefnanda, hann hefði möguleika til að vinna verkið, fjárhagur hans ekki í molum, hann hefði nauðsynleg tæki og vélar til að vinna verkið, verkábyrgð o. fl.

Þá styður stefndi kröfu um sýknu af aðalkröfu stefnanda við það, að aðalkrafa stefnanda sé vanreifðuð og ekki studd gögnum. Aðalkrafa stefnanda er reist á „Framlegðaráætlun“ á dskj. nr. 7, og var sú áætlun unnin af starfsmanni stefnanda sjálfs og liggur ekki fyrir í málinu sem álitserð dómkvaddra matsmanna um ætlað tjón stefnanda. Stefndi telur fyrrgreinda áætlun stefnanda sjálfs um framlegð ekkert sönnunargildi hafa í málinu. Stefndi leggur ekki fram í málinu gögn til stuðnings „framlegðaráætlun“ sinni, og er því vonlaust að átta sig á því, hvernig krafa stefnanda er fundin. Stefndi upplýsir ekki í málinu um forsendur, sem liggja til grundvallar framlegðaráætlun, og er t. d. óupplýst um, hvaða forsendur lágu til grundvallar um tækjakost, hvort gert er í raun ráð fyrir, að tæki og vélar hafi þurft til verksins, hvernig fjármagna skyldi kaup eða leigu á tækjum, hvernig stefndi skyldi standa við skilyrði, sem Sjóvá-Almennar tryggingar hf. höfðu sett fyrir verkábyrgð, greiðslu á skuld við Íslandsbanka hf. o. fl. Þá mótmælir stefndi áætlun stefnanda um framlegð af verki sem rangri og órökstuddri, og telur stefndi blasa við, að engin framlegð eða hagnaður hefði orðið hjá stefnanda af verkinu, ef samningur hefði verið gerður við hann skv. tilboði því, sem hann gerði stefnda. Stefndi telur tilboð stefnanda hafa verið óraunhæft og ógerlegt að vinna verkið með þeim hætti, sem stefndi ætlaði, og jafnframt vonlaust fyrir það verð, sem greindi í tilboði stefnanda. Þá er kröfu stefnanda mótmælt sem of hárrí, og bendir stefndi á,

að í stefnu á dskj. nr. 1 komi fram, að „framlegðarfjárhæð er ætlað að mæta ýmsum föstum kostnaði, sem stefnandi hafði, svo sem vegna eignarhalds síns á pramma, er nota átti til verksins, og fleiri tækja og búnaðar auk stjórnunarkostnaðar“. Stefnandi gerir ekki grein fyrir því, hver sá kostnaður er, sem greiða þyrfti af „framlegðarfjárhæð“, og liggur því ekkert fyrir um ætlað tjón stefnanda.

Þá styður stefndi jafnframt kröfu um sýknu af varakröfu stefnanda við það, að varakrafa stefnanda, að fjárhæð 2.387.910 kr., sé vanreifuð og engum gögnum studd. Á dskj. nr. 25 kemur fram, að krafa þessi sé vegna vinnu Jökuls Ólafssonar, Magnúsar Bjarnasonar og Þórðar Vigfússonar „við undirbúning, tilboð og fundi, og einnig hefur töluverður tími farið í fremur óuppbyggilega vinnu við undirbúning málsóknar“. Ekki eru lagðir fram í málinu reikningar vegna ætlaðrar vinnu þessara manna fyrir stefnanda, og má ráða af málatilbúnaði stefnanda, að hann hafi ekki greitt fyrir þessa ætlaðu vinnu, og getur þegar af þeirri ástæðu ekki verið um neitt tjón að ræða hjá stefnanda. Þá leggur stefnandi ekki fram í málinu sundurliðun og vinnuskýrslur vegna ætlaðrar vinnu fyrrgreindra starfsmanna stefnanda, og er varakrafa stefnanda því með öllu órökstudd. Þá kemur fram á dskj. nr. 25, að hluti ætlaðrar vinnu starfsmanna stefnanda sé vegna undirbúnings málsóknar, en sú krafa er hluti af málskostnaðarkröfu stefnanda í málinu. Þá er mótmælt yfirliti stefnanda um ætlaða vinnu og fjölda vinnutíma, og er þessi vinna og fjöldi vinnutíma með öllu ósannaður og órökstuddur. Loks er mótmælt tímagjaldi einstakra starfsmanna stefnanda sem of háu. Stefndi telur því með öllu ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, að fjárhæð 2.387.910 kr., vegna þeirrar lögmætu ákvörðunar stefnda að gera ekki samning við stefnanda.

Stefndi mótmælir upphafstíma dráttarvaxtakröfu stefnanda.“

Skýrslur fyrir dómi voru margar, og verður hér á eftir getið þeirra, sem dómendum þykir ástæða til.

Forsendur og niðurstöður.

Í Íslenskum staðli, ÍST-30, segir í grein nr. 34.8.0: „Nú hefur bjóðandi fengið tilboð frá undirverktaka í hluta verks, sem boðið hefur verið út, og bjóðandi notar þessa tilboðsfjárhæð sem hluta af tilboði sínu til verkkaupa, og telst þá verksamningur kominn á milli bjóðanda og undirverktaka þess efnis, sem í tilboði undirverktakans greinir, að því tilskildu að tilboði bjóðanda verði tekið og verkkaupi samþykki undirverktakann . . .“

Frammi liggur í málinu ljósrit af tilboði stefnda, sem jafnframt er fylgiskjal verksamnings stefnda við verkkaupa, Hafnarfjarðarhöfn. Einnig liggur frammi ljósrit af tilboði stefnanda, sem hann gerði stefnda í hluta verksins. Þegar skjöl þessi eru borin saman, sést eftirfarandi:

Nr.	Verkliður	Magn	Tilb.JVJ	Tilb.MB	JVJ/MB
4.1.1.	Dýpkun A				
4.1.1.1	Dýpkun, efni inn fyrir akkeri	8.500	451	362	1,245
4.1.1.2	Dýpkun, efni sett í krika	8.000	451	362	1,245
4.1.1.3	Dýpkun, efni flutt út fyrir höfn	5.600	604	485	1,245
4.1.1.4	Losun á föstu efni, viðbótarverð	4.400	6.847	5.500	1,245
4.1.2	Pílskurður	165	23.531	18.900	1,245

Þetta einingarverð og hlutföll þess endurtaka sig síðan í verklið 4.1.1b, Dýpkun A og B. Augljóst er, að stefndi notar hér tölur úr tilboði stefnanda, en hækkar þær hverja um sig um 24,5%. Aðalverktakar nota að jafnaði ekki tilboðstölur undirverktaka óbreyttar; þeir verða að bæta á þær álagi fyrir þeim kostnaði, sem þeir verða fyrir við að reka undirverktakasamninginn, auk eðlilegs hagnaðar. Þessi álagningarupphæð getur verið mjög mismunandi og er háð eðli verka, traustleika undirverktaka, ástandi vinnu- markaðar og fleiri þáttum. Má segja, að „eðlilegt“ álag geti sveiflast eftir aðstæðum frá 5% til 50%.

Ráðgjafi verkkaupa, Hafnarfjarðarhafnar, við útboð og mat á tilboðum vegna Hafnarbakka í Straumsvík var Hallgrímur Hallgrímsson verkfræðingur f. h. Hönnunar hf. Frammi liggur í málinu „umsögn um tilboð“, sem hann samdi (dags. 5. júní 1996) fyrir hafnarstjórn. Þar segir m. a.: „Undirverktaki JVJ við dýpkun og pílsrekstur er Magnús Th. S. Blöndahl ehf. (MB), sem er nýtt fyrirtæki. Þessir verkhlutar eru meira en helmingur verksins. Stjórnandi MB, Jökull Ólafsson, hefur ekki mikla reynslu af sprengingum í sjó, og reynsla hans við stjórnun verka er mjög takmörkuð. Samkvæmt útboðsgögnum er undirverktaki háður samþykki verkkaupa. Hönnun hf. telur eðlilegt, að samþykki á MB sem undirverktaka sé háð þeim skilyrðum, að yfirstjórn sjávarsprenginga verði í höndum reynds verkstjóra. Geti MB ekki fullnægt því skilyrði, útvegi JVJ þá þegar annan undirverktaka.“ Umsögninni lýkur á þessari niðurstöðu: „Lagt er til, að tekið verði tilboði JVJ að því tilskildu, að þeir leggi til hæfan yfirstjórnanda, sem verkkaupi getur samþykkt, og jafnframt, að undirverktaki við dýpkun hafi á að skipa nægilega reyndum stjórnendum.“

Hallgrímur Hallgrímsson kom fyrir dóm sem vitni. Hann skýrði niðurstöðu umsagnarinnar þannig, að hún fæli í sér, að fallist væri á stefnanda sem undirverktaka með þeim skilyrðum, sem þar væru greind.

Sama dag og umsögnin var rituð, 5. júní 1996, var haldinn fundur í hafnarstjórn. Bókað var í fundargerð (fram lagðri í málinu): „Hafnarstjórn samþykkir að ganga til samninga við JVJ.“

Már Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri Hafnarfjarðarhafnar, bar vitni

fyrir dóminum. Hann var spurður, hvort hafnarstjórn hefði samþykkt stefnanda sem undirverktaka. Svar: „Hafnarfjarðarhöfn samþykkti Jökul Ólafsson ekki sem yfirstjórnanda við verkið og gerði ákveðnar athugasemdir við Magnús Th. S. Blöndahl, vegna þess að þeir sköfðu aldrei umbeðnar upplýsingar.“ Vitnið sagði aðspurt, að hafnarstjórn hefði óskað eftir reynslusögu stefnanda sl. fimm ár við sambærileg verk, en ekki fengið. Hún hefði og óskað eftir ársreikningum og upplýsingum um opinber gjöld og fengið ársreikning 1994, en annað ekki. Vitnið kvaðst muna eftir fundargerð hafnarstjórnar frá 5. júní 1996, þar sem ákveðið hefði verið að ganga til samninga við stefnda á grundvelli bréfs, sem borist hefði frá Hönnun hf., þar sem ráðlagt hefði verið að ganga til samninga við JVJ, sýndu þeir fram á hæfan verkstjórnanda.

Á fundi málsaðila 11. júní 1996 lagði stefnandi fram verklýsingu í átta liðum. Þar segir m. a. undir 4. lið, Borun og sprenging: „Sprengifræðingur verður Hjálmar Magnússon.“ Vitnið Hallgrímur Hallgrímsson var spurt, hvort það hefði vitað um, að Hjálmar myndi vinna sem verkstjóri eða sprengifræðingur á vegum stefnanda. Vitnið kvaðst ekki hafa séð umrædda verklýsingu, en það hefði talað við Hjálmar, áður en verklýsingin hefði verið lögð fram, og fengið þær upplýsingar, að hann yrði ekki verkstjóri við sprengingar.

Við undirbúning aðalmeðferðar í þinghaldi 19. nóvember sl. var bókuð í þingbók ósk umboðsmanns stefnanda um að leiða Hjálmar Magnússon sem vitni. Við aðalmeðferð kom fram hjá umboðsmanninum, að ekki þætti ástæða til að leiða vitnið.

Magnús Bjarnason verkfræðingur kom fyrir dóm sem vitni. Hann greindi frá því, að hann hefði að beiðni forráðamanna stefnanda samþykkt að verða „verkstjórnandi“ við það verk, er stefnandi hugðist vinna sem undirverktaki í Straumsvík. Hann taldi, að hann hefði getað notað helming af tíma sínum í þetta verk. Hann upplýsti, að komið hefði til álita, að bróðir sinn, Grétar Bjarnason, yrði verkstjóri við sjávarsprengingar.

Sama dag, þ. e. 11. júní, og stefnandi leggur fram verklýsingu sína á fundi með stefnda, þar sem Hjálmar Magnússon er tilgreindur sem sprengifræðingur, ritar framkvæmdastjóri stefnanda, Kolbrún Jónsdóttir, stefnanda bréf, svokallað „letter of intent“, þar sem staðfest er, að „JVJ ehf. mun gera verksamning við Magnús Th. S. Blöndahl, c/o Jökul Ólafsson, vegna verksins Hafnarbakki – Straumsvík, dýpkun A, svo framarlega sem ábyrgð vegna þeirra hluta komi frá Sjóvá-Almennum“.

Ekki er um deilt í málinu, að nefndur Hjálmar Magnússon er fær og reyndur verkstjóri við sprengingar neðansjávar og hefur til þeirra verka til-

skilin réttindi. Stefndi mátti treysta því, þegar stefnandi lagði fram verklýsinguna, þar sem Hjálmar var tilgreindur sem sprengifræðingur, að Hjálmar yrði starfsmaður stefnanda við verkið. Upplýst er, m. a. með vætti Hallgríms Hallgrímssonar, að Hjálmar var ekki ráðinn til verksins. Stýðst það einnig við vætti Magnúsar Bjarnasonar, sem nefndi annan mann, er stefnandi hefði ætlað að fá til sem verkstjóra við sprengingar. Stefndi féll frá því að leiða Hjálmar sem vitni. Það skilyrði, sem verkkaupi, hafnarstjórn Hafnarfjarðarbæjar, setti fyrir því, að stefnandi yrði samþykktur sem undirverktaki, sbr. umsögn Hallgríms Hallgrímssonar um tilboð og vætti Más Sveinbjörnssonar, var ekki uppfyllt. Af þessum sökum liggur ekki fyrir, að verkkaupi, Hafnarfjarðarhöfn, hafi samþykkt stefnanda sem undirverktaka. Því var ekki kominn á samningur með stefnda og stefnanda skv. tilboði stefnanda til stefnda um að vinna ákveðinn hluta verksins Hafnarbakki í Straumsvík, sbr. ÍST, gr. 34.8.0.

Aðalkrafa stefnanda er reist á því, að „stefndi hafi á saknæman og ólög-mætan hátt gengið á bak samningi, er kominn var á milli stefnda sem bjóð-anda og stefnanda sem undirverktaka“, sbr. stefnu. Varakrafa stefnanda „miðast við, að stefnda verði gert að bæta það tjón, sem stefnandi varð fyrir vegna hinnar ólögmatu riftunar . . .“, svo sem einnig segir í stefnu. Þar sem dómendur hafa komist að þeirri niðurstöðu, að samningur hafi ekki komist á með aðilum, ber að sýkna stefnda bæði af aðalkröfu og varakröfu stefn-anda.

Um málskostnað.

Stefndi sendi stefnanda símbréf 29. maí 1996 og óskaði þar eftir margvís-legum upplýsingum um fjárhag, verkreynslu, tækjaeign, mannafla, verk-ábyrgð o. fl. Í bréfinu var stefnanda settur frestur til næsta dags, 30. maí, til að skila stefnda gögnum með um beðnum upplýsingum. Stefndi svaraði með bréfi, dagsettu 30. maí. Fylgdu því ýmis gögn, en þó ekki fullnægjandi svör við fyrirspurnum stefnda. Komu fulltrúar aðila saman á fundi 11. júní og 13. júní, og gekk stefndi þar enn eftir ýmsum upplýsingum frá stefnanda. Stefndi hefur lagt fram minnispunkta um fundi þessa, ritaða af Þórði Vigfússyni hagverkfræðingi, sem starfaði fyrir stefnanda og var á báðum fundunum. Stefndi hefur ekki lagt fram gögn um fundina. Þórður Vigfús-son kom fyrir dóm og staðfesti minnispunkta sína. Af gögnum máls verður ekki annað séð en samningaviðræður hafi enn verið í gangi með aðilum, þegar fundi lauk 13. júní, en ljóst er, að stefndi hafði ekki orðið við öllum skilyrðum, sem stefndi setti fyrir samningi með þeim. M. a. átti stefndi eftir að fá endanlega verkábyrgð frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Upplýst er, m. a. með vætti framkvæmdastjóra tryggingafélagsins, Ólafs B.

Thors, að framkvæmdastjóri stefnanda átti bókaðan fund hjá framkvæmdastjóra tryggingafélagsins þriðjudaginn 18. júní vegna verkábyrgðarinnar.

Sunnudaginn 16. júní semur stefndi við annan aðila en stefnanda sem undirverktaka að hluta þeirra verka, sem rætt hafði verið um, að stefnandi tæki að sér að vinna. Þetta gerði stefndi án þess að tilkynna stefnanda áður, að lokið væri samningaumleitan þeirra á milli. Það var ekki fyrr en á fundi aðila 18. júní, áður en framkvæmdastjóri stefnanda gekk á fund framkvæmdastjóra Sjóvár-Almennra trygginga hf., að stefndi tilkynnti stefnanda, að hann væri hættur samningum við stefnanda og hefði þegar samið við annan aðila.

Það er álit dómenda, að rétt sé það, sem stefndi heldur fram, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi haft nægjanleg tæki eða verkábyrgð, til þess að stefndi gæti samið við hann um undirverktöku, þegar stefndi sleit samningaviðræðum. Dómendur álíta þó, að sú breytni stefnda, sem hér var að framan lýst, hafi verið andstæð góðum viðskiptaháttum og að atvikum hafi verið svo háttað, að stefnandi hafi haft nokkra ástæðu til að höfða mál þetta. Í ljósi þessa og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir dómendum rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Dóminn kvað upp Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari ásamt meðdómendum Gunnari Torfasyni og Stanley Pálssyni byggingaverkfræðingum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, JVJ ehf., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Th. S. Blöndahl ehf., í máli þessu.

Hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.